

Ársfundur Retrieverdeildar HRFÍ – 15. Febrúar 2024

Mæting 25 manns

1. Kosning fundarstjóra og ritara. Fundurinn samþykkir Kjartan I. Lorange sem fundarstjóra og Karl A. Gíslason sem ritara.
2. Farið yfir ársskýrslu stjórnar ásamt ársreikningi fyrir starfsárið 2023. Kjartan fer yfir skýrsluna í helstu atriðum og Karl fer yfir ársreikning deildarinnar. Opnað er fyrir umræður.

Kjartan tekur til máls, heyrst hefur umræða um kostnað vegna starfsins og vill hann koma á framfæri frá stjórn að ekki sé rétt að bera saman kostnað vegna sýninga og veiðiprófa. Deildin er stöndug og það er vilji til þess að styðja vel við starfið. Ekki séu markmið um auðsöfnun innan deildarinnar þar sem hún á í dag góðan rekstrarsjóð sem uppfyllir markmið deildarinnar að eiga fyrir útgjöldum ársins. Heiðar tekur undir þessi orð, starfið sé í blóma og þakkar fyrir sig.

Fundurinn samþykkti loks ársreikninginn.

3. Kjartan kynnir breytingartillögur á veiðiprófsreglum. Kosið var um allar greinar og voru þær allar samþykktar. Fundurinn samþykkti svo allar breytingartillögur í heild sinni í kjölfarið.
4. Tveir stjórnarmeðlimir hafa lokið sínu tímabili og voru tvö sæti laus í stjórn til næstu tveggja ára. Einn stjórnarmeðlimur baðst lausnar og var því eitt sæti laust til 1 árs. Þar sem fjögur framboð bárust til stjórnar óskaði fundarstjóri eftir leyfi fundarins til þess að kjósa öll þrjú sætin til 2 ára. Kosið verður þá á næsta ári um 2 sæti í stjórn í staðinn fyrir 3.

Fundurinn samþykkir þessa tillögu.

Fjögur framboð bárust
Margrét Pétursdóttir
Dagný Hinriksdóttir
Sólrun Dröfn Helgadóttir
Guðni Þór Björgvinsson

Frambjóðendur fengu tækifæri til þess að kynna sig, þar sem Guðni var ekki á staðnum þá las Karl upp kynningartexta sem Guðni setti með framboði sínu.

Fundarstjóri óskaði tilnefndi tvo óháða talningarmenn úr fundarsal. Atkvæði fóru þannig að Margrét Pétursdóttir, Dagný Hinriksdóttir og Sólrun Dröfn Helgadóttir voru hlutskörpust og voru kjörinn inn í stjórn Retrieverdeildar næstu tvö árin.

Fundurinn samþykkir stjórnarkjör.

5. Önnur mál

Helga óskar eftir að stjórn skoði skráningu í gagnagrunni á niðurstöðum úr DNA/augnskoðunum. Hundur sem er DNA prófaður fyrir arfengu sjónleysi og er “clear” er skráður með sjónleysi þar sem lítill blettur sást í augnskoðun. Dýralæknir sem skoðaði hundinn tók fram að þetta sé saklaust, hrjái ekki hundinn og leiði ekki til blindu. Stjórn lagði til að Helga taki þessar upplýsingar saman og sendi á stjórn, hún muni taka þetta mál áfram til skoðunar.

Óli óskaði eftir samþykki fundar fyrir að stofna hvolpasíðu Retrieverdeildar á Facebook og hætta í kjölfarið að leyfa auglýsingar á aðalsíðu. Um þessar mundir eru mörg got og mikið auglýst, þetta tekur yfir Facebook síðu deildarinnar þar sem erfiðara er að finna upplýsingar um viðburði. Fundurinn samþykkir þessa tillögu.

Kjartan kynnir ákvörðun stjórnar að kaupa dummy í verðlaun á veiðiprófum. Allir hundar næsta sumar sem hljóta 1. Einkunn á veiðiprófi hljóta í viðurkenningu dummy. Ákveðið var að hafa þau rauð og verða þau eins fyrir alla flokka. Þetta fyrirkomulag hefur verið í Noregi og var ákveðið að fylgja því.

6. Heiðrun stigahæstu hunda 2023

7. Stjórn Retrieverdeildar heiðraði Halldór Garðar Björnsson fyrir störf sín fyrir deildina. Hann hefur verið virkur dómari veiðiprófa undanfarinn 28 ár en ákvað á árinu að skila inn dómarskírteininu sínu og leggja meiri áherslu á starfið sem þáttakandi.

Stjórn Retrieverdeildar þakkar Halldóri kærlega fyrir sín störf!

Fundi slitið